

# Aðalfundur Hrossaræktarfélags Spretts 2014

## Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla reikninga félagsins
3. Kjósa stjórn skv. 6.grein félagsins
4. Ákveða árgjald
5. Val á ræktunarmanni ársins
6. Önnur mál

## Árskýrsla 10.12.2013 – 10.12.2014

Aðalfundur var haldinn í Félagsheimili Spretts, Hattarvöllum 2 , 10 des 2013. Fundinn sóttu 10 félagsmenn en í félagið eru nú skráðir 54 meðlimir. Hannes Hjartarson var fundarstjóri og fundarritari var Kristinn Hugason. Í aðalstjórn til 3ja ára var kjörinn Sveinn Gaukur Jónsson og í varastjórn til 3ja ára Gunnar Már Þórðarson. Fyrir sátu í aðalstjórn Hannes Hjartarson frá 2012 og Kristinn Hugason frá 2011. Fyrir sátu í varastjórn Guðjón Árnason frá 2012 og Guðjón Tómasson frá 2011.

Sem Ræktunarmaður ársins 2013 voru valin hjónin Gunnar Már Þórðarson og Kolbrún Björnsdóttir fyrir ræktun sína á Stiku frá Votumýri IS2007287936 B: 8.23 H: 8.33 AE: 8,29

Á fundinum var samþykkt að breyta nafni félagsins í: Hrossaræktarfélag Spretts. Einnig var samþykkt að hækka árgjaldið í félagini í kr 2.000.

### Félagsstarf:

Ræktunardagur Hrossaræktarfélags Spretts fór fram 15. febrúar í hinni glæsilegu Reiðhöll Spretts. Forskoðun kynbótahrossa fór fram frá kl 08 – 14.50 með matarhléi í sviðaveislu Jonna.

Kristinn Hugason hefur séð um þennan atburð í áratug eða svo og ferst það ávalt vel úr hendi. Nú var mætt með 32 hross til leiks. Í heildina var þetta ágætis útkoma, einkunnir á bilinu 7.33 til 8.52. Kl. 10-10.30 kynnti Kristinn fyrir áhorfendum hvað tekið er tillit til í byggingardómum og var þá notaður við sýnikennsluna áður hátt dæmdur stóðhestur, Þrymur f. Votumýri sem fengið hefur 8.50 fyrir byggingu.

3 efstu í hvorum flokki urðu eftirfarandi:

#### Hestar:

1. IS2010180716 Ljósvaki frá Valstrýtu, rauðskjóttur, Einkunn: 8.36 F: Hákon f. Ragnheiðarstöðum, Skylda f. Hnjúkahlíð. Eigandi og ræktandi : Guðjón Árnason
2. IS2010180714 Vigri f. Valstrýtu, dökkrauður, Einkunn 8.26. F: Gári f. Auðsholtshjáleigu, M: Auðna f. Ytra-Vallholti. Eigandi og ræktandi Guðjón Árnason
3. IS2010184176 Atli f. Fornu-Söndum, jarpur, Einkunn: 8.24. F: Byr f. Mykjunesi, M: Britta f. Kirkjubæ. Eigandi og ræktandi: Axel Geirsson

#### Hryssur:

1. IS2009256925 Þórunn f. Kjalarlandi, rauð Einkunn: 8.52. F: Gári f. Auðsholtshjáleigu, M: Regína f. Flugumýri. Ræktandi Halla María Þórðardóttir, Eigandi Sigurður Helgi Ólafsson
2. IS2010284171 Mist f. Fornu-Söndum, brún Einkunn: 8.25. F: Byr f. Mykjunesi, M: Björk f. Norður Hvammi. Eigandi og ræktandi Axel Geirsson.
3. IS2007256451 Snædís f. Blönduósi, grá Einkunn 8.20. F: Hrymur f. Hofi, M: Iðja f. Blesastöðum 1A. Eigandi Linda B. Gunnlaugsdóttir.

Í hádeginu hélt Bergur Jónsson f. Ketilsstöðum fræðsluerindi m.a. um kynbótadóma og hrossarækt. Jón Ólafur Guðmundsson (Jonni) sá að vanda um glæsilega sviðaveislu. Á foldasýningu var mætt með samtals 19 folold, 10 hesta og 9 hryssur. Dómari var Bergur Jónsson og fórst það vel úr hendi. Hann gaf jafnframt vinnu sína og lagði til að í staðinn, verði tekjum af mótshaldi varið til barna og ungingastarfs í Spretti sem verður gert.

### **Úrslit folaldasýningar:**

#### **Hryssur:**

1. IS2013281841 Fjöður f. Kelduholti, rauðstjörnótt, F: Flóki f. Flekkudal, M: Kotra f. Kotströnd. Eigandi: Stella B. Kristinsdóttir.
2. IS2013225234 Sara f. Reykjavík. rauðblesótt-sokkótt, F: Fursti f. Stóra Hofi M: Sandra f. Markarskarði. Eigandi: Rúnar Stefánsson.
3. IS2103281805 Hátíð f. Haga , rauð-tvistjörnótt. F: Framherji f. Flagbjarnarholti. M: Gjöf f. Hvoli. Eigandi: Þórunn Hannnesdóttir

#### **Hestar:**

1. IS2013180711 Spaði f. Barkarstöðum, brúnn. F: Orri f. Þúfu M: Vænting f. Hruna. Eigandi Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Petra B Mogensen
2. IS2013164001 Töfri f. Hólakoti, jarpur F: Eldar f. Efre-Holti M: Reising f. Galtanesi. Eigandi: Helena Ríkey Kristinsdóttir
3. IS2013180713 Spilari f. Valstrýtu, brúnn F: Framherji f. Flagbjarnarholti M. Fiðla f. Árnagerði. Eigandi: Guðjón Árnason.

### **Vísindaferð .**

Til stóð að fara í 2ja daga ferð í Eyjafjörð og lá fyrir veglegt plan, framsett af Kristni Hugasyni með hjálp Gests Júlíussonar dýralæknis. Því miður reyndist svo takmarkaður áhugi fyrir 2ja daga ferð að hana þurfti að blása af með stuttum fyrirvara.

Með örfárra daga fyrirvara tókst að skipuleggja Vísindaferð í Rangárvallasýslu þann 29. Mars. Um 30 manns mættu í ferðina. Fyrst var komið við á Efri Rauðalæk þar sem Eva Dyrö tók á móti okkur þaðan farið yfir veginn að Feti þar sem Asnton Páll Nielsson tók á móti okkur. Að því loknu hefðbundið hakkabuff í hádeginu á Árhúsum á Hellu. Þaðan haldið að Velli til Arndísar. Á öllum áðurnefndum stöðum mikill húsakostur, frábær vinnuaðstoða og mikill fjöldi kynbótahrossa í þjálfun. Þaðan lá leiðin að Eystra Fróðholti til Ársæls og Fíu. Frábærar móttökur og flottar sýningar á mörgum hrossum í reið. Loks var haldið til Ólafs Þórissonar í Miðkoti sem einnig tók vel á móti mannskapnum og sýndi hross í reið.

### **Unghrossakeppni.**

Var felld niður vegna dræmrar þátttöku. Endurskoða þarf framkvæmd þessarar keppni til að vekja meiri áhuga.

#### **Kynbótasýningar:**

Samtals voru sýnd 18 hross í kynbótadómi frá félagsmönnum. Mörg með góðum árangri, þar af 11 í 1. Verðlaun. Stjórnin hefur ákveðið að veita verðlaun-farnadbika- fyrir 1.sæti í öllu flokkum kynbótahrossa, 4, 5, 6 og 7 v. og eldri

Hannes Hjartarson formaður

## **Ársreikningur 01.01.2013 – 31.12.2013.**

### **Rekstraryfirlit:**

#### **Gjöld:**

þjónustugjöld Arion banki	30.451
Fjármagnstekjuskattur	434
Vísindaferð Hópbílar	99.000
	Samtals kr.
	129.885

#### **Tekjur:**

Fargjöld og tekjur af ræktunardegi	135.000
Félagsgjöld	97.276
Innvextir	2.171
	Samtals kr.
	234.447

<b>Rekstrarhagnaður:</b>	104.562.
--------------------------	----------

#### **Efnahagsreikningur:**

Reikn: Arion banki 0324-26-00601	267.411.
Eigið fé í upphafi reikningsárs	162.849.
Rekstrarhagnaður:	104.562.